



Reykjavík, 8. maí 2019
SFS2019040003
165. fundur
HG/nkc

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson

Efni: *Varðandi tillögu fulltrúa ungmennaráðs Grafarvogs um aukið nemendalýðræði.*

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 26. mars 2019 lagði fulltrúi í ungmennaráði Grafarvogs fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði, í samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisráð, að auka nemendalýðræði í grunnskólum Reykjavíkur með því að gefa nemendum möguleika á því að ráðstafa hluta af fjármagni skólans.

Aukið nemendalýðræði er í samræmi við menntastefnu Reykjavíkur en leiðarljós hennar er *Barnið sem virkur þátttakandi*. Virk hlutdeild nemenda er einnig tryggð í lögum um grunnskóla nr. 91/2008.

Í 10. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 er fjallað um nemendafélög, þar segir meðal annars: Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda.

Í 8. grein grunnskólalaga er fjallað um skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalag. Skólaráð fjallar um skólanámskrá, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlunir um skólastarfið. Skólaráð er því lögbundinn vettvangur til að hafa áhrif á ráðstöfun fjármagns skólans. Tveir fulltrúar nemenda sem kosnir eru af nemendafélagi sitja í skólaráði. Meðal verkefna skólaráðs er að halda árlegan fund með stjórn nemendafélagsins.

Í *Handbók um skólaráð* sem gefin var út af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar (<https://reykjavik.is/handbok-um-skolarad>) segir að mikilvægt sé að kjörnir fulltrúar séu í góðum tengslum við hópinn sem hann er fulltrúi fyrir svo þeir viti hvaða málefni hann telur mikilvægt að skólaráð fjalli um. Þetta á við um alla fulltrúana í skólaráði þar á meðal fulltrúa nemenda. Handbókin var kynnt á fundi skólastjóra og einnig með pósti til þeirra. Heimili og skóli og SAMFOK stóðu fyrir kynningum fyrir foreldra og nemendur og héldu námskeið fyrir umrædda hópa.

Í greinargerð með tillögu ungmennaráðs Grafarvogs segir: *Að okkar mati er skólaráð sýndarlýðræði og því viljum við fá alvöru tækifæri til áhrifa í okkar skólasamfélagi.*

Eins og fram hefur komið er aðkoma nemenda að ákvörðunum um skólalag lögbundin með skólaráðum og að hluta til með nemendafélögum. Í stað þess að stofna þriðja vettvanginn fyrir nemendur til að hafa áhrif á ákvarðanir um ráðstöfun fjármagns er lagt til að stutt verði betur



við nemendur í skólaráðum svo aðkoma þeirra verði í samræmi við lög og reglugerð. Mælt er með því að fulltrúum nemenda í skólaráðum verði tryggður viðeigandi stuðningur í samræmi við Handbók um skólaráð en þar er mælt með því að nemendur í skólaráðum hafi sérstakan stuðningsaðila sem aðstoðar þá við að undirbúa hvern fund og vinna úr niðurstöðum hans.